



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

14. nóv. 2019 – Pistill nr. 63



Vel heppnaður endurnýtingamarkaður var haldinn í Skjólbrekku á dögunum. Þar var ýmislegt í boði, hægt að gefa, selja og skipta heillegum hlutum, fatnaði og fleira. Verður þetta endurtekið í vetur.

Fjárhagsáætlun 2020:

Áframhaldandi uppbygging og sérstaklega komið til móts við fjölskyldufólk og eldri borgara

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti fjárhagsáætlun 2020-2023 á fundi sínum í gærmorgun við seinni umræðu. Í greinargerð með fjárhagsáætlunni kemur fram að síðustu ár hefur orðið talsverður viðsnúningur í rekstri sveitarfélagsins til hins betra sem hefur endurspeglad mikla uppbyggingu. Í ár var m.a. byggður nýr glæsilegur leikskóli og þrjár nýjar íbúðir keyptar, farið í gatnagerðarframkvæmdir, unnið samkvæmt umferðaröryggisáætlun auk ýmissa annarra framkvæmda, án þess að taka lán. Þá hefur sveitarfélagið haldið utan um byggingu safntanks á Hólasandi vegna nýrrar fráveitulausnar með fjárhagslegum stuðningi frá ríkinu.

Fjárhagsáætlun Skútustaðahrepps 2020-2023 endurspeglar áframhaldandi viðsnúning í rekstri sveitarfélagsins til hins betra og ber þess merki að áframhaldandi uppbygging er fram undan. Hins vegar ber að hafa í huga ákveðna óvissu þegar kemur að þróun í ferðapjónustu sem er langstærsta atvinnugreinin í sveitarfélaginu.

Forgangsverkefni næsta árs eru stór og smá viðhaldsverkefni, gatnagerðarframkvæmdir og aukin þjónusta sveitarfélagsins þar sem markmið er að auka hamingju íbúanna.

Áfram verður komið sérstaklega til móts við tvo hópa, þ.e. fjölskyldufólk og eldri borgara:

- *Fjölskyldufólki með því að bjóða áfram upp á ókeypis skólamáltíðir í grunnskóla og leikskóla, ókeypis frístund og ritföng.*

- *Eldri borgurum með því að lækka fasteignagjöld verulega annað árið í röð. Í flestum tilfellum falla fasteignagjöld þeirra alveg niður því tekjuviðmið til niðurfellingar og afsláttar hækka verulega annað árið í röð.*

Fjárhagsáætlunin er unnin út frá markmiðum sem sveitarstjórn setti sér á 24. fundi þann 28. ágúst 2019 en þau eru:

Til viðbótar við fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga um jafnvægisreglu og skuldareglu, sbr. 64. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138 frá 2011, hefur sveitarstjórn Skútustaðahrepps sett sér eftirfarandi rekstrarleg markmið fyrir fjárhagsáætlun 2020-2023:

Rekstur A-hluta sveitarfélagsins verði í jafnvægi, þ.e. skatttekjur og þjónustutekjur standi undir rekstri málaflokka og sjóða A-hluta. Jákvæð rekstrarmiðurstaða samstæðu, þ.e. A- og B-hluta, sem jafnframt standi undir framkvæmdum án lántöku. Engar vaxtatekjur verði nýttar



Árshátíð Reykjahlíðarskóla fór fram á dögunum. Þar fóru nemendur á kostum í atriðum sínum, hér má sjá elsta stigið eftir sýningu á leikritinu sínu.

til rekstrar, eingöngu til fjárfestinga eða til að auka við handbært fé Skútustaðahrepps. Sem þýðir þá að rekstrarafgangur þarf að vera meiri eða jafnmikill og vaxtatekjur.

Almennar forsendur fjárhagsáætlunar:

Útsvar 14,52%

Fasteignaskattur A 0,625% af fasteignamati

Fasteignaskattur B 1,32% af fasteignamati

Fasteignaskattur C 1,65% af fasteignamati

Vatnsgjald 0,15% af fasteignagjaldi

Holræsagjald 0,225% af fasteignagjaldi

Lóðaleiga 10,50 pr. ferm

Almennar gjaldskrár: Almenn t engin hækkun í A-hluta nema að sorphirðugjöld hækka um 2,5%.

Íbúafjöldi 2016 2017 2018 2019 2020 2021 2022 2023

1. des. 432 493 504 514 524 534 544 554

Þriggja ára rammaáætlun er á föstu verðlagi miðað við áætlun 2020 hvað varðar rekstrartekjur og rekstrargjöld og einungis áætluð áhrif magnbreytinga á rekstur og efnahag.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld byggja hins vegar á áætluðu verðlagi hvers árs samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands um áætlaða vísitölu neysliverðs.

Fjárhagsáætlun þessi hefur verið unnin af sveitarstjórn, sveitarstjóra, skrifstofustjóra, fastanefndum auk þess sem samráð var haft við forstöðumenn stofnana sveitarfélagsins og endurskoðanda.

Samkvæmt 64. gr. sveitarstjórnarlaga skulu samanlögð útgjöld vegna rekstrar A- og B hluta ekki vera hærri en sem nemur reglulegum tekjum á hverju þriggja ára tímabili.

Heildartekjur samstæðunnar (A og B hluta) eru áætlaðar 602,2 m.kr. á næsta ári, þar af nemi tekjur A-hluta 559,0 m.kr. Rekstrargjöld samstæðu fyrir fjármagnsliði nemi 544,5 m.kr., þar af nemi rekstrargjöld A-hluta 521,4 m.kr. Fjármagnsliðir nettó, þ.e fjármagnstekjur nemi 1,6 milljónum. Rekstrarniðurstaða samstæðu verði jákvæð um 59,3 m.kr., þar af verði rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 39,4 m.kr. Veltufé frá rekstri samstæðu nemi 110,4 m.kr. sem verður nýtt til fjárfestinga/framkvæmda. Handbært fé frá rekstri samstæðu nemi 108,8 m.kr. Veltufjárhlutfall er 1,37 og eiginfjárhlutfall 0,83. Sveitarfélagið greiðir engin langtímalán. Framlegðarhlutfall A og B hluta er áætlað 16,1%. Ekki er gert ráð fyrir nýjum langtímalántökum á árinu.

Fjárfestingaáætlun 2020:

Helstu framkvæmdir næsta árs verða stórar viðhaldsframkvæmdir við íþróttahús og grunnskóla, malbikunarframkvæmdir í Klappahrauni, breytt aðkoma að skólum og íþróttamiðstöð, breyting á fráveitu í Skjólbrekku, móttframlag vegna annars áfanga við gerð göngu- og hjólréiðastígs, endurnýjun stofnlagna hitaveitu, ledvæðing ljósastaura, stækkun leikskólalóðar, breyting á

aðkomu við grunnskóla og íþróttamiðstöð, fráveituverkefni, verkefni sem komu eftir ábendingar frá íbúum í gegnum samráðsgátt eins og leiktæki við Skjólbrekku, gerð göngustígs frá Helluhrauni að Kjörbúð o.fl.

Aðrar áherslur fjárhagsáætlunar:

- Ráðinn verður fjölmenningsfulltrúi í 20% starf í samstarfi við Þingeyjarsveit og Norðurþing.
- Áframhaldandi þróun Hamingjuverkefnisins með sértækari aðgerðum.
- Ókeypisskólamáltíðir í leik- og grunnskóla.
- Áfram verður boðið upp á ókeypis frístundabjónustu eftir að skólatíma lýkur hjá grunnskólunum og jafnframt upp á ókeypis ritföng.
- Áfram verður boðið upp á upp á ókeypis akstur í félagsstarf eldri borgara.
- Unnið að verkefni í moltugerð.
- Börn til 16 ára aldurs fá ókeypis í sund á Laugum.
- Skipulagðar rútuferðir í sundlauginu á Laugum einu sinni í mánuði.
- Gerð nýs aðalskipulags.
- Deiliskipulagsvinna við Skjólbrekku.
- Reykjahlíðarskóli verður áfram tölvuvæddur o.fl.
- Greining á möguleikum til útvíkkunar hitaveitunnar.
- Unnið verður eftir Lýðheilsustefnu og Jafnréttisáætlun sveitarfélagsins.
- Unnið verður eftir umhverfisstefnu sveitarfélagsins.
- Unnið verður eftir menningarstefnu sveitarfélagsins.
- Unnið verður eftir skólastefnu sveitarfélagsins.
- Unnið verður eftir húsnæðisáætlun sveitarfélagsins.
- Unnið verður eftir Mannauðsstefnu sveitarfélagsins.
- Unnið verður Umferðaröryggisáætlun sveitarfélagsins.
- Unnið verður eftir Persónuverndarstefnu sveitarfélagsins.

Óvissuþættir sem gætu haft áhrif á fjárhagsáætlunina er þróun samningaviðræðna við landeigendur vegna hitaveitumála, kjarasamningar hjá flestum stéttarfélagum eru lausir og svo þróun ferðaþjónustunnar.

Fjárhagsáætlun 2021-2023:

Í þriggja ára áætlun er gert ráð fyrir jafnvægi í rekstri og jákvæðri afkomu samstæðunnar á öllum árum áætlunarinnar. Ekki er gert ráð fyrir lántökum á tímabilinu og því verður unnið að hagræðingu í rekstri með það að markmiði að halda áfram átaki í viðhaldi og uppbyggingu innviða sveitarfélagsins. Þó ber þess að geta að nokkur óvissa ríkir um fjárfestingar og viðhald og verður fjárfestingaþörfin því endurmetin árlega á gildistíma áætlunarinnar.

Komið til móts við eldri borgara og öryrkja:

Álagningarreglur fasteignagjalda verða að óbreyttar á milli ára nema að fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem eigandi býr í, skal felldur niður/lækkaður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum samkv. eftirfarandi reglum:

100% lækkun:

Einstaklingar með tekjur allt að 5.410.000 kr.

Samskattaðir aðilar með tekjur allt að 7.546.950 kr.

80% lækkun:

Einstaklingar með tekjur á bilinu 5.410.001 til 6.221.500 kr.

Samskattaðir aðilar með tekjur á bilinu 7.546.951 til 8.385.500 kr.

50% lækkun:

Einstaklingar með tekjur á bilinu 6.221.501 til 7.227.760 kr.

Samskattaðir aðilar með tekjur á bilinu 8.385.501 til 8.926.500 kr.

Miðað er við tekjuárið 2018.

Þetta þýðir að í flestum tilfellum falla fasteignagjöld þeirra alveg niður því tekjuviðmið til niðurfellingar og afsláttar hafa verið hækkuð ríflega annað árið í röð. Við þetta má bæta að tekjuviðmið vegna heimaþjónustu hafa einnig hækkað sem þýðir að gjaldskráin lækkar.

Engar hækkanir á gjaldskrá nema sorppjónustu:

Sveitarstjórn samþykkti að engar hækkanir verði á almennum gjaldskráum sveitarfélagsins í A-hluta sveitarsjóðs eins og leikskólagjöldum, gjaldskráum tónlistarskólans, heimaþjónustu eldri borgara, bókasafns, Skjólbrekku, hunda- og kattahalds og íþróttamiðstöðvar sem jafnframt hefur verið breytt

lítillga. Jafnframt verði áfram ókeypiss skólamáltíðir fyrir grunn- og leikskólabörn, ókeypiss frístund og rítföng eins og á síðasta ári. Ákvörðunin er liður í því að ná markmiðum lífskjarasamnings stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins en þar var miðað við að gjaldskrár hækkuðum að hámarki um 2,5%. Eina gjaldskrá A-hlutans sem lagt er til að verði hækkuð er sorphirðugjaldið um 2,5% vegna aukins kostnaðar. Gjaldskrár B-hluta eru flestar óbreyttar en sumar taka mið af vísitöluhækkunum.

Hraðhleðslustöð í Mývatnssveit

Orkusjóður hefur úthlutað styrkjum að upphæð 227 milljónum króna til uppsetningar 43 nýrra hraðhleðslustöðva vítt og breitt um landið. Nýju stöðvarnar eru þrisvar sinnum aflmeiri en öflugustu stöðvarnar sem fyrir eru héraendis og eiga að stuðla að hindrunarlausum ferðum rafbíla milli landshluta. Verkefnið er hluti af aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum og uppbyggingu innviða vegna orkuskipta í samgöngum. Stöðvarnar tilheyra nýrri kynslóð hraðhleðslustöðva en um er að ræða 150kW hleðslustöðvar. Öflugustu stöðvarnar hafa hingað til verið 50kW og flestar eru 22kW. Gert er ráð fyrir a.m.k. helmings mótfamlagi framkvæmdar aðila og nemur heildarfjárfesting verkefnanna því 450 milljónum króna hið minnsta. Ein 150kW hraðhleðslustöðvanna verður staðsett í Mývatnssveit en ekki hefur verið tekin ákvörðun hvar nákvæmlega hún verður.

Seinni úthlutun menningarstyrkja 2019

Í samræmi við reglur um úthlutun menningarstyrkja í Skútustaðahreppi, fjárhagsáætlun 2019 og tillögur velferðar- og menningarmálanefndar, samþykkti sveitarstjórn eftirfarandi menningarstyrki í kjölfar auglýsinga:

- Sigríður Kristín Þorgrímsdóttir: Starri í Garði - menningardagskrá í tilefni aldarafmælis. Úthlutun 150.000 kr.
- Soffía Kristín Jónsdóttir f.h. Lake Mývatn Concert series. Úthlutun 250.000 kr.
- Laufey Sigurðardóttir f.h. Músíkur í Mývatnssveit. Úthlutun 200.000 kr.

Jafnframt var samþykkt að sveitarfélagið leggi til aðstöðu í Skjólbrekku fyrir viðburðina sem tengjast umsóknunum. Jafnframt samþykkti sveitarstjórn umsókn um menningarstyrk frá Menningarfélaginu Gjallanda um að sveitarfélagið leggi til aðstöðu í Skjólbrekku fyrir 12 menningarviðburði á næsta ári.

Forsætisráðuneytið afturkallar leyfi Neyðarlínunnar í Drekaþili

Á fundi sveitarstjórnar var lagt fram afrit af bréfi forsætisráðuneytisins dags. 11. nóv. 2019 til Neyðarlínunnar þar sem fram kemur að ráðuneytið afturkallar fyrir sitt leyti útgefið leyfi til Neyðarlínunnar ohf. fyrir framkvæmdum við heimarafstöð við Drekaþil nærri Öskju á grundvelli laga nr. 58/1998. Forsætisráðuneytið sendi Neyðarlínunni ohf. bréf dags. 17. okt. sl. þar sem gefinn var kostur á að andmæla fyrirhugaðri ákvörðun ráðuneytisins um afturköllum á útgefnum leyfi til nýtingar á vatni úr Drekaþili. Engin svör bárust frá Neyðarlínunni innan þess frests sem gefinn var. Í bréfi forsætisráðuneytisins segir jafnframt að Neyðarlínunni ohf. er gert að leggja fram uppfærð gögn og nákvæma framkvæmda-áætlun með verkinu, sem og sækja um nýtt leyfi til ráðuneytisins eftir að nýtt framkvæmdaleyfi Skútustaðahrepps liggur fyrir.

Sveitarfélagið yfirtekur götulýsingakerfi

Á fundi sveitarstjórnar var lagt fram bréf frá RARIK um viðræður við Skútustaðahrepp um yfirtöku á götulýsingarkerfinu í Reykjahlíð. Í gögnum RARIK kemur fram að halda hefur þurft götulýsingunni utan við hefðbundinn rekstur og utan við tekjuuppjör gagnvart Orkustofnun skv. núverandi lögum, en ekki er gert ráð fyrir að slíkur rekstur sé á höndum dreifiveitunnar. RARIK er eina dreifiveitan sem enn er í þeirri stöðu að eiga og reka götuljós. Verkefnið hefur verið í undirbúningi frá 2011 en Vegagerðin hefur þegar tekið yfir ljósastaura á þjóðvegum. Til stóð að hækka verðskrána 1. júlí s.l. til að koma til móts við taprekstur sem hefur verið á götulýsingunni hjá RARIK. Núverandi viðhaldsgjald fyrir götulýsingu er 11,71 kr/kWh án vsk (13,90 kr/kWh

m/vsk). Stjórn RARIK samþykkti verðhækkun upp í 15 kr/kWh án vsk. Vegna ágættra undirtekta sveitarfélaganna ákvað stjórn RARIK að fresta hækkun í þeirri von að hægt sé að ljúka samningum við sveitarfélögin á þessu ári. Talið er að með þessu fái sveitarfélög betri stjórn á þessum útgjaldaflokki og haldi markvissara utan um viðhald/framkvæmdir skv. þörfum sveitarfélagsins. Með yfirtöku sveitarfélagsins á tæplega 100 ljósastaurum hverfur jafnframt viðhaldsgjaldið. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að ganga til samninga við Rarik. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2020 er gert ráð fyrir fyrsta áfanga í innleiðingu á LED lýsingu ljósastaura sem lækkar rekstrarkostnað.



Í samræmi við almenn ákvæði fyrir nefndir sveitarfélagsins hittust formenn fastanefnda sveitarfélagsins ásamt oddvita og sveitarstjóra á dögunum. Tilgangur fundarins var að bera saman bækur sínar og var fundurinn afar gagnlegur, farið var yfir helstu málefni, heildarskipulag og samræmingu, umgjörð funda, fundadagtal næsta árs og ýmislegt fleira.



Frá íbúafundinum í Skólbrekku sem var vel sóttur. Fleiri íbúafundir verða í tengslum við verkefnið.

Flottur íbúafundur Nýsköpunar í norðri

Nýsköpun í norðri er verkefni sem hrundið hefur verið af stað af hálfu sveitarstjórna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, m.a. í tengslum við sameiningarviðræður sveitarfélaganna. Í síðustu viku var vel sóttur og afar frjór upplýsinga- og umræðufundur í Skjólbrekku undir stjórn Sveins Margeirssonar. Markmiðið er að styrkja samkeppnishæfni svæðisins og vera á sama tíma í fararbroddi í baráttu við loftslagsbreytingar

Umsókn um byggingarleyfi með rafrænum hætti

Frá og með 8. nóvember n.k. var hægt að sækja um byggingarleyfi með rafrænum hætti í Skútustaðahreppi. Umsækjendur þurfa að skrá sig inn á „*Mínar síður*“ á síðu Mannvirkjastofnunnar www.minarsidur.mvs.is með rafrænum skilríkjum eða íslykli. Stefna sveitarfélagsins er að auka rafræna stjórnsýslu og minnka pappírnotkun. Þetta skref er liður í þeirri vinnu.

Enn verður hægt að senda inn umsóknir á gamla mátann en stefnan er að fara alfarið í rafrænar umsóknir frá og með 1. janúar 2020.

Ein af 19 fullgildum jafnréttisáætlunum

Á fundi sveitarstjórnar var lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 30. okt. 2019 þar sem sveitarfélög sem ekki hafa gert það eru hvött til þess að setja sér jafnréttisáætlanir. Sveitarstjórn vekur athygli á því að fram kemur í bréfinu að Skútustaðahreppur er eitt 19 sveitarfélaga sem hafa skilað fullgildum jafnréttisáætlunum sem Jafnréttisstofa hefur samþykkt. Er þetta fagnaðarefni. Þá er unnið að Jafnlaunavottun sveitarfélagsins.



Ragnheiður Jóna, Þuríður, Ingunn, Þorsteinn og Ingibjörg.

Slysavarnadeildin Hringur kom færandi hendi á Slægjufundi í Skjólbrekku

Á Slægjufundi 26. október s.l. kom Slysavarnadeildin Hringur færandi hendi og gaf Skjólbrekku hjartastuðtæki og sjúkrakassa. Ingunn Guðbjörnsdóttir, Þuríður Pétursdóttir og Ragnheiður Jóna Grétarsdóttir afhentu þessa glæsilegu gjöf fyrir hönd Hrings og Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri og Ingibjörg Björnsdóttir umsjónaraðili Skjólbrekku veittu henni viðtöku fyrir hönd sveitarfélagsins. En Slysavarnadeildin Hringur lét ekki þar við sitja heldur gaf jafnframt öllum nemendum unglingsstigs reykskynjara í herbergið sitt. Skútustaðahreppur þakkar Hringskonum fyrir höfðinglegar gjafir. Kærar þakkir.



Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir formaður umhverfisnefndar, Hjördís Finnbogadóttir og Þorsteinn sveitarstjóri.

Hjördís fékk Umhverfisverðlaun Skútustaðahrepps 2019

Umhverfisverðlaun Skútustaðahrepps voru veitt í fjórða sinn á Slægjufundi. Sex tilnefningar bárust. Að fengnu álitum umhverfisnefndar sem fékk það

vandaverk að rýna mjög frambærilegar tilnefningar, var það niðurstaða sveitarstjórnar að veita verðlaunin Hjördísi Finnbogadóttur, sem hefur veitt umhverfismálum í sveitinni innblástur með miklum eldmóði og öflugum starfi við að uppræta og hefta útbreiðslu framandi og ágengra plantna. Hjördís er afar læs á náttúruna, þar á meðal fugla og plöntur og hefur mjög skarpa yfirsýn á útbreiðslu lúpínu og kerfils og þróun hennar á milli ára. Hjördís hefur unnið ómælt starf í sjálfböðavinnu, við að greina áskoranirnar og hreinlega framkvæma, ýmist ein og sér á vappi eða með Fjöreggi og ýmsum fleiri hópum sjálfböðaliða. Þá átti framlag Hjördísar undanfarin ár drjúgan þátt í vitundarvakningu sem leiddi til stofnunar starfshóps um heftingu á útbreiðslu framandi og ágengra tegunda sem nú starfar á vegum Skútustaðahrepps í samvinnu við Fjöregg, Umhverfisstofnun, Landgræðsluna og RAMÝ, en starfsemi hópsins hefur vakið athygli á landsvísu. Skútustaðahreppur þakkar Hjördísi fyrir frábært framlag, en sem viðurkenningu voru henni færð viðurkenning í formi skjaldar Umhverfisverðlauna en „blómvöndurinn“ að þessu sinni var íslenskt grænmeti, að svo miklu leyti úr Þingeyjarsýslum sem frekast var unnt. Auk Hjördísar voru fimm aðilar tilnefndir. Þeim er að sama skapi þakkað sín verðugu verk, óskað til hamingju með tilnefninguna og hvatt til áframhaldandi góðra verka.

Bessi Brynjarsson. Tilnefndur fyrir lystigarðinn í Lynghrauni 7, þar eru margir tugir plöntutegunda og fjöldi rósa. Auk þess hefur Bessi undanfarin ár sinnt svæðinu á milli Lynghrauns og Skútahrauns, með grisjun og hleðslu eldstæðis í lautinni við Lynghraun 7.

Linda Björk Árnadóttir. Tilnefnd fyrir verkefnið „Fótspor til framtíðar“, sem er framsækið umhverfis- og sjálfbærni verkefni á breiðum grunni, sem verður gaman að sjá þróast áfram og fá tækifæri til að taka þátt í.

Lovísa Gestsdóttir og Hólmgeir Hallgrímsson. Tilnefnd fyrir einstaklega fallega lóð og frágang í kringum húsið þeirra í Álfstagerði, sem gleður svo sannarlega augu vegfarenda, sem er mjög

ánægjulegt svo nærri vegi þar sem margir keyra hjá.

Sigfús Illugason. Tilnefndur fyrir fallegan frágang á tjaldstæði og snyrtimennsku á Bjargi.

Þorlákur Páll Jónsson. Tilnefndur ásamt Landgræðslunni fyrir markvisst starf sl. áratug að því að gera Dimmuborgir aðgengilegar með malbikuðum gangstígum og bílastæðum og hlutast til um að gerð var vönduð salernis- og veitinga- aðstaða fyrir gesti svæðisins. Þess utan eru afnot að svæðinu ókeypis, sem kemur vel fram á aðsókn en hefur samt á engan hátt komið niður á ástandi svæðisins sem hvergi sýnir minnstu merki um ágang eða að komið sé að þolmörkum. Þorlákur fær tilnefninguna fyrir framúrskarandi snyrtileg og nosturssöm vinnubrögð í krefjandi verkefni í viðkvæmu umhverfi Dimmuborga. Auk Láka, voru fyrir þetta verkefni tilnefndir Sveinn Runólfsson fyrrverandi landgræðslustjóri og Stefán Skaftason héraðsfulltrúi sem settu verkefnið af stað, öfluðu fjár og stýrðu. Skútustaðahreppur og umhverfisnefnd óska áður nefndum innilega til hamingju, með ósk um áframhaldandi gott gengi við að sinna umhverfismálum á stórum og smáum skala í sveitinni okkar.



Gufuafsstöðin í Bjarnarflagi endurnýjuð

Landsvirkjun hefur endurnýjuð elstu gufuafsstöð landsins, Gufustöðina í Bjarnarflagi, en hún var fyrst gangsett 1969. Nýja gufuafsstöðin hefur verið tekin í fulla notkun en gamla vélin var stöðvuð í febrúar 2018 eftir áratuga rekstur. Ný aflvél nýtir sama gufumagn og sú eldri gerði en þar sem nýtni hennar er mun betri en þeirrar gömlu er málafl nýju vélarinnar tæpum tveimur megavöttum meira en

þeirrar eldri, eða 5 MW. Samhliða var varmaskiptir fyrir rekstur hitaveitu Skútustaðahrepps endurnýjaður sem eykur afhendingaröryggi veitunnar mikið sem er mikið fagnaðarefni.

Hrós dagsins...

Fær Linda Björk Árnadóttir og allir þeir sem stóðu fyrir Endurnýtingamarkaðinum í Skjólbrekku 2. nóvember s.l

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa formlega og óformlega fundi að undanförunu og má þar nefna hjá hamingjunefnd sveitarfélagsins, vinnufund vegna byggingu safntanksins á Hólasandi, með Rarik, formönnum fastanefnda sveitarfélagsins, með stýrihópi Nýsköpunar í norðri og svo íbúafund vegna verkefnisins, skólaping sveitarfélaga, stýrihóp vegna endurskoðunar mannauðsstefnu, atvinnu- og framkvæmdanefnd, stjórn Samtaka orkusveitarfélaga og svo Orkuþing, norræna vinnustofu f.h. Samb. ísl. Sveitarfélaga um heimsmarkmiðin, stýrihóp sjálfbærni-verkefnisins Gaums, svo eitthvað sé nefnt.

Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri



Knattspyrnuakademía Norðurlands stóð fyrir knattspyrnuskóla í Mývatnssveit í samstarfi við íþróttá- og ungmennafélagið Mývetning sem tókst frábærlega vel. Þátttaka var góð og stóðu krakkarnir sig mjög vel og skemmtu sér konunglega.